NORÐURÁL

SAP sérfræðingur

Hjá Norðuráli leggjum við áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga.

Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn.

Árleg framleiðslugeta er um 310 þúsund tonn af hágæða áli.

Norðurál óskar eftir að ráða SAP sérfræðing. Lögð er áhersla á skilvirkni og áreiðanleika upplýsingatæknilausna og að fyrirtækið sé í fremstu röð. Viðkomandi verður SAP sérfræðingur Norðuráls og kemur einnig að verkefnum fyrir móðurfélag fyrirtækisins. Fyrirhuguð er uppfærsla á SAP kerfum Norðuráls (4 HANA) og mun viðkomandi leiða þá vinnu.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf, þarfagreining og þjónusta við notendur
- Val og innleiðing nýrra lausna
- Verkefnastjórn
- Samskipti við verktaka
- Þátttaka í stefnumótun á sviði upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikil reynsla af SAP
- Skipulagshæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður og fagmennska
- Góð kunnátta í ensku auk íslensku

Í boði er gott framtíðarstarf.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2017. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

FESTIR FASTEIGNAFÉLAG

Sérfræðingar: Rekstur og þróun

Festir fasteignaþróunarfélag hefur það meginmarkmið að þróa fasteignir og lóðir, ýmist með sölu eða rekstur í huga. Framkvæmdastjóri félagsins er Jónas Þór Þorvaldsson.

Áhersla er lögð á skrifstofuhúsnæði, hótel og íbúðarhúsnæði. Félagið á umtalsverðar fasteignir og lóðir í þróun. Í dag er unnið að fjórum verkefnum. Þrjú þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og eitt á Snæfellsnesi.

Fjölbreytt og ólík verkefni eru í undirbúningi, hótel og hótelíbúðir, með samtals 600 herbergjum, ásamt veitingahúsum og náttúruböðum. Umfang uppbyggingarinnar er um 20.000 fermetrar.

Að auki er undirbúningur að hefjast vegna stórra verkefna sem komast á framkvæmdastig á næstu fimm árum.

Festir fasteignafélag var stofnað af Ólafi Ólafssyni. Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.festir.is.

Festir fasteignaþróunarfélag óskar eftir að ráða aðila til að sinna tveimur tengdum verkefnum. Til greina kemur að ráða tvo sérfræðinga til að sinna hvoru verkefni fyrir sig.

Annað verkefnið snýr að umsjón með undirbúningi rekstrareininga (hospitality management consultant) s.s. hótela, hótelíbúða, veitingahúsa og náttúrustaða/spa.

Hitt verkefnið lýtur að margvíslegum þróunarverkefnum á vegum félagsins (concept development consultant).

Sérfræðingurinn/-arnir munu starfa með teymi sem vinnur að þróun og rekstri eigna félagsins. Hann/þeir heyra undir framkvæmdastjóra Festis.

Helstu verkefni/kröfur vegna <u>reksturs</u>

- Stjórnun og ábyrgð á skilgreindum verkefnum
- Greiningarvinna
- Eftirfylgni með ákvörðunum
- Samningagerð

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 5 ára reynsla af sambærilegum verkefnum
- Samstarfshæfni
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð tungumálakunnátta

Helstu verkefni/kröfur vegna <u>þróunar</u>

- Hugmyndavinna
- Samstarf við arkitekta og skipulagsaðila
- Mótun hugmynda og innleiðing á framkvæmdastig
- Samningagerð

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 5 ára reynsla af sambærilegum verkefnum
- Samstarfshæfni
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð tungumálakunnátta

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is fyrir 30. janúar 2017 og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

English version of this advertisement can be found on www.intellecta.is

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri - Byggingaframkvæmdir

Traust og fjárhagslega sterk félagasamtök í umfangsmikilli starfsemi leita að reyndum verkefnastjóra til að halda utan um og leiða stór verkefni á sviði byggingaframkvæmda. Í boði er gott framtíðarstarf.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Krabbameinsfélagið

Vefstjóri og markaðsfulltrúi

Krabbameinsfélag Íslands beitir sér af krafti fyrir fækkun nýrra tilfella krabbameins, fækkun dauðsfalla af völdum sjúkdómsins og að því að bæta lífsgæði þeirra sem greinast með sjúkdóminn.

Tilgangur félagsins er meðal annars að beita sér fyrir stuðningi og ráðgjöf við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra og leit að krabbameini á byrjunarstigi. Jafnframt að stuðla að fræðslu og forvörnum um orsakir og áhættuþætti ásamt því að efla vísindarannsóknir og þróun þekkingar á krabbameinum.

Nánari upplýsingar um Krabbameinsfélagið má finna á heimasíðu félagsins www.krabb.is

Við leitum að kraftmiklum, frumlegum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af vef- og markaðsmálum. Vefstjóri er mikilvægur hluti af litlu en öflugu teymi fjáröflunar- og kynningardeildar Krabbameinsfélagsins. Starfið er mjög fjölbreytt, gefandi og skemmtilegt.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með og þróun á heimasíðum, vefverslun og samfélagsmiðlum
- Markaðssetning á netinu í gegnum heimasíðu, samfélagsmiðla og póstlista
- Stefnumótun og umsjón stafrænna markaðsaðgerða og vefmælinga
- Virk þátttaka í þróun á miðlun fræðslu og forvarna
- Þátttaka í fjáröflunum og samskiptum við samstarfsaðila
- Umsjón dreifingar og sölu í átaksverkefnum eins og Mottumars og Bleiku slaufunni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefumsjón
- Reynsla af notkun vefja í markaðssetningu og hagnýtingu samfélagsmiðla í markaðsaðgerðum
- Reynsla af vefmælingum
- Áhugi á þróun og uppbyggingu Krabbameinsfélagsins
- Mikil samskiptahæfni og geta til teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, áreiðanleiki og árangursmiðað viðhorf

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is / 511-1225) og Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir hjá Krabbameinsfélaginu (kolbrun@krabb.is / 540-1926).
Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

SLÖKKVILIÐIÐ LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi **og/eða** sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2017. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

Hlaupapróf (æfingapróf) fara fram í Kaplakrika 14. janúar kl. 13:30 og í Laugardalshöllinni 21. janúar kl. 11:00. Einu hlaupaprófi verður síðan bætt við ef þörf verður á eftir að umsóknarfrestur rennur út þann 20. janúar nk. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS.

www.shs.is
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Ráðgjafar á sviði skipulagsmála

Ráðgjafarfyrirtækið Alta leitar að góðum liðsmönnum

Við leitum að starfsfólki sem hefur víða sýn, þekkingu og metnað til að ná frábærum árangri.

Bakgrunnur á sviði skipulagsfræði, landfræði, ferðamálafræði, arkitektúrs, landslagsarkitektúrs, verkfræði eða stefnumótunar.

Nánari upplýsingar eru veittar á starf@alta.is

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun með framhaldsgráðu sem tengist gerð skipulagsáætlana, stefnumótun, arkitektúr, ferðamálum eða byggðaþróun
- Forvitni, áhugi og frumkvæði
- Virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
- Geta til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð ritfærni
- Starfsreynsla á ofangreindum sviðum er æskileg

Sjá nánar um okkur á www.alta.is

Alta er framsækið ráðgjafarfyrirtæki.

Viðfangsefnin eru einkum á sviði skipulagsmála, byggðaþróunar, ferðaþjónustu, verkefnastjórnunar og stefnumótunar.

Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg. Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

Alta er með starfsstöðvar í Reykjavík og Grundarfirði.

Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur í liði, þá sendu umsókn til starf@alta.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar næstkomandi.

Sölumaður

Símafélagið

Símafélagið leitar að framúrskarandi sölumanni. Ef þú átt auðvelt með að skapa traust og byggja upp farsæl viðskiptasambönd þá er þetta starf fyrir þig.

Umsóknarfrestur
23. janúar

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4408

Helstu verkefni
- Sala á fyrirtækjamarkaði.
- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini.
- Sókn nýrra tækifæra.

Menntun- og hæfni umsækjenda
- Áhugi á tækni og fjarskiptum.
- Framúrskarandi hæfni í sölu og samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Geta til að skapa traust viðskiptavina.
- Góð tölvukunnátta.

Símafélagið er ört vaxandi fyrirtæki þar sem skemmtilegur mórall ríkir. Símafélagið er óháð félag og alfarið í eigu starfsmanna. Eigendur Símafélagsins hafa mjög víðtæka reynslu úr fjarskiptageiranum.

Verkefnin eru spennandi og góðir tekjumöguleikar. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á traust og gæði í öllu sem það býður viðskiptavinum sínum. Gildi félagsins eru Fagmennska - Áreiðanleiki - Lipurð.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Verkefnastjóri

Ríkiseignir
byggingar, land og auðlindir

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra til að sjá um útboðsmál og samninga. Undir útboðsmál falla verkefni er lúta að umgjörð og reglufestu við gerð útboðsgagna, auglýsingu útboða og töku tilboða en til samninga heyra ýmsir þjónustu- og verksamningar og rammasamningar sem Ríkiseignir eiga aðild að í gegnum Ríkiskaup.

Umsóknarfrestur
30. janúar

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4395

Helstu verkefni
- Yfirumsjón og almennt fyrirsvar með framkvæmd útboða.
- Ritstýring verk- og útboðslýsinga.
- Vinna að endurbótum og þróun útboðsmála.
- Umsjón og eftirfylgni með samningum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntun- og hæfni umsækjenda
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- MPM gráða eða önnur sambærileg meistaragráða er kostur.
- Sveinspróf í iðngrein og reynsla úr byggingariðnaði er kostur.
- Reynsla af útboðs- og samningagerð er kostur.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst einkum í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra. Umsýsla jarðeigna felst aðallega í útleigu og ábúð á ríkisjörðum, umsjón með leigusamningum og samskiptum við leigutaka og ábúendur. Að auki annast Ríkiseignir umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



ION Adventure Hotel opnaði þann 1. febrúar 2013. Hótelið er í einni mestu náttúruperlu landsins og aðeins í um hálftíma fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisvænar lausnir og hugvitssamleg nýting á náttúrulegum efnum eru grundvallarþættir í hönnun og byggingu hótelsins. Gestir upplifa sterka tengingu við náttúruna, orkuna á svæðinu og tærleikann í umhverfinu.

ION Hotel ehf er vaxandi fyrirtæki sem starfar í áhugaverðu alþjóðlegu umhverfi. ION hótelin eru meðlimir í Design Hotel keðjunni ásamt því að vera fyrstu hótelin á Íslandi sem bjóða gestum upp á Starwood vildarkerfi.

Spennandi störf hjá ION Hotels

Við erum að stækka! Í febrúar 2017 fögnum við 4 ára afmæli ION Adventure Hotels á Nesjavöllum en um leið ætlum við að opna nýtt hótel, ION City, 18 herbergja boutique hótel á Laugavegi 28 í Reykjavík. Hótelin eru bæði meðlimir í Design Hotels keðjunni en þau státa af glæsilegri hönnun, vandaðri þjónustu og faglegu starfsfólki.

Hótelstjóri
– ION Adventure Hotel á Nesjavöllum

ION Adventure Hotel á Nesjavöllum óskar eftir að ráða öflugan hótelstjóra. Við leitum að framúrskarandi, faglegum og metnaðarfullum hótelstjóra sem fær tækifæri til að taka þátt í stækkun og sókn eins glæsilegasta hótels landsins. ION Adventure Hotel er hluti af SPG sem er vildarklúbbur Starwood gesta og starfar eftir alþjóðlegum stöðlum þar sem aðeins það besta er nógu gott.

Ábyrgðarsvið:
- Fyrirmynd og ímynd hótelsins fyrir gesti jafnt og starfsmenn
- Ábyrgð á allri daglegri starfsemi og stjórnun
- Ábyrgð á mannauðsmálum
- Umsjón með þjálfun starfsmanna
- Umsjón með birgðahaldi
- Eftirlit með þjónustu og gæðamálum
- Samskipti við viðskiptavini
- Vinnur að þróun og stefnu hótelsins í samráði við aðra stjórnendur

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði viðskiptafræði, rekstrar eða mannauðsstjórnunar
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri nauðsynleg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu jafnt sem riti

Tekju- og kerfisstjóri
– ION Hotels

ION Hotels sem reka annars vegar ION Adventure Hotel á Nesjavöllum og ION City í Reykjavík óska eftir að ráða til sín tekju- og kerfisstjóra. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða tölvukunnáttu, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagða yfirsýn yfir verkefni. Starfsstöðin er í Reykjavík og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Ábyrgðarsvið:
- Umsjón með bókunarkerfum hótelanna
- Ábyrgð og eftirlit með sölustýringu og nýtingarhlutfalli
- Ábyrgð á verðstýringu og uppfærslu sölukerfa
- Áætlanagerð tengd bókunum og nýtingarhlutfalli
- Mótun stefnu og markmiða söludeildar
- Samskipti við Design Hotels, Starwood og aðra tengiliði bókunarferla
- Hönnun á ferlum
- Greiningar og skýrslugerð
- Ábyrgð á uppfærslu og stýringu samskiptamiðla

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mjög góð tölvuþekking
- Sterk greiningarhæfni

Starfsmenn í ferðasölu
– ION Adventure Hotel á Nesjavöllum

Starfsmenn í ferðasölu taka þátt í að auðga upplifun gesta okkar á hótelinu á Nesjavöllum með því að skipuleggja fyrir þá ferðir innanlands meðan á dvölinni stendur. Unnið er á vöktum.

Ábyrgðarsvið:
- Uppsetning og sala á ferðum og upplifun fyrir gesti hótelsins
- Aðstoða gesti við að velja og skipuleggja ferðir
- Veita gestum aðstoð við ferðaáætlun og upplýsingar um vegaopnanir
- Sjá um endurskipulagningu ferða fyrir gesti þegar upp koma breytingar vegna veðurfars eða annarra ófyrirsjáanlegra uppákoma
- Gera ánægjukannanir og eftirfylgni á upplifun gesta
- Vinna náið með móttökustjóra og viðburðarstjóra varðandi ferðir og upplifun fyrir gesti og hópa

Hæfniskröfur:
- Brennandi áhugi á ferðamennsku innanlands
- Góð þekking á helstu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi
- Reynsla af sölu ferða eða sambærilegu starfi er kostur

Umsjónarmaður fasteigna
– ION Hotels

Ábyrgðarsvið:
- Sjá um viðhald og eftirlit fasteigna
- Umsjón og eftirlit með bílaflota félagsins
- Gera viðhaldsáætlun
- Hafa yfirumsjón með viðhaldsaðgerðum fasteigna

Hæfniskröfur:
- Iðnmenntun, trésmíði, rafvirkjun eða annað sambærilegt
- Meirapróf er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Upplýsingar veitir: Elísabet Sverrisdóttir - elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk.

BM·VALLÁ

BM Vallá ehf. er rótgróið og leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði steypuframleiðslu og framleiðslu á vörum úr sementsbundnum efnum. Framleiðslan er fjölbreytt en fyrirtækið rekur í Reykjavík steypustöð, helluverksmiðju og framleiðir garð- og húseiningar. Múrverksmiðjan er staðsett í Garðabæ og Smellinn einingahúsaverksmiðjan er á Akranesi. Fyrirtækið vinnur vikur til útflutnings í Þorlákshöfn, er með starfsemi á Austurlandi og rekur nú steypustöð við Búrfell vegna virkjunarframkvæmda. Fyrirtækið rekur söluskrifstofu og verslun í Reykjavík auk söluútibús á Akureyri. Hjá BM Vallá starfa um 120 manns að jafnaði. BM Vallá hefur frá árinu 1996, unnið skv. gæðastaðli ISO 9001 og fyrirtækið leggur mikið upp úr öryggismálum starfsmanna.

VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Gæðastjóri

Gæðastjóri ber ábyrgð á rekstri gæðakerfis, fylgist með gæðaeftirliti og framleiðslugæðum og að unnið sé í samræmi við gæðahandbók og ISO 9001 kerfið. Um er að ræða spennandi og jafnframt krefjandi starf fyrir kraftmikinn einstakling gæddan frumkvæði og með reynslu af sambærilegum störfum.

Helstu verkefni:

- Rekstur gæðakerfis, skjalabreytingar og nýsmíði skjala
- Innri úttektaáætlanir og framkvæmd úttekta eftir atvikum
- Gerð þjálfunaráætlunar, umsjón funda, námskeiða og útgáfa kennslugagna
- Innleiðing gæðakerfis fyrir nýjar starfsstöðvar þegar við á
- Umsjón með vinnslu forvarna-/umbótaverkefna
- Leggja til úrbætur í samræmi við innri úttektir, viðhorfsvog viðskipavina og ábendingar
- Þátttaka í vöruþróun og framleiðsluaðferðum
- Önnur verkefni s.s. skýrslugerð, sýnataka, prófanir, o.fl. sem yfirmaður kann að fela starfsmanni

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða réttindi sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri gæðakerfa
- Brennandi áhugi á framleiðslu- og gæðamálum
- Góð tölvukunnátta
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Gott vald á ritaðri og talaðri ensku og íslensku

Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

VAKTSTJÓRI BÍLASTÆÐAÞJÓNUSTU

Helstu verkefni eru umsjón með vöktum starfsmanna, innheimta og uppgjör vakta, ábyrgð og umsjón með farangurskerrum í og við flugstöðina, almenn þjónusta og aðstoð við viðskiptavini. Um er að ræða vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun æskileg
- 20 ára aldurstakmark
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu, bæði í rituðu og mæltu máli
- Framúrskarandi þjónustulund og góð samskiptahæfni

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Ingi Hafsteinsson, þjónustustjóri bílastæðaþjónustu, gunnar.hafsteinsson@isavia.is.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

Dagný starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

UMSÓKNARFRESTUR:
29. JANÚAR 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

isavia

Vörukynningastjóri og aðstoðar-vörukynningastjóri

Warehouse Demo Services (WDS) er fyrirtæki sem vinnur náið með Costco í Bretlandi. Starfsmenn þess sjá um allar vörukynningar í verslunum Costco. Við leitum að tveimur stjórnendum í ca. 50% hlutastarf til að hafa umsjón með þessum vörukynningum í nýrri verslun Costco á Íslandi.

Þetta starf hentar mjög vel fyrir aðila sem vill starfa fyrir alþjóðlegt fyrirtæki, fá þjálfun erlendis og vera hluti af stórum hópi af eldhressum starfsmönnum þar sem gæði og góð þjónusta er lykilatriði. Hlutverk viðkomandi er að skipuleggja starf þeirra starfsmanna sem sinna kynningunum.

Unnið er 3 daga í viku, aðra vikuna miðvikudag, fimmtudag og föstudag og hina vikuna föstudag, laugardag og sunnudag.
Umsækjendurnir verða að geta tekið þátt í þjálfun erlendis í vor.

WDS sér um yfir 70.000 vörukynningar á ári í verslunum í Bretlandi fyrir hönd Costco. Þessar kynningar gera það að verkum að kaupendurnir kynnast vörunum á nýjan hátt. Það er frábær upplifun að fá að smakka, lykta og snerta vöruna ásamt því að fræðast um hana áður en hún er keypt. Þetta gerir upplifun kaupandans svo miklu meiri og skemmtilegri.

Hæfniskröfur:

- Einhver stjórnunarreynsla
- Vera opinn og jákvæður persónuleiki
- Hafa frábæra samskiptahæfni og lausnamiðað viðhorf
- Hæfni til að ná því besta fram í samstarfsmönnum
- Afburða þjónustuhæfni

Starfssvið:

- Umsjón með vörukynningum
- Skipulagning og verkstjórn
- Starfsmannahald og jákvæður starfsandi
- Hvatning til góðra verka

Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðunni, www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.

FAST Ráðningar

Ertu að læra vél- eða rafvirkjun?

Viltu komast á spennandi samning?

Við leitum að jákvæðum og námsfúsum iðnnemum sem eru búnir með grunndeild í vél- eða rafvirkjun og langar til að vinna sinn námssamning hjá stærstu jarðvarmavirkjun heims. Við bjóðum upp á metnaðarfullan námssamning þar sem þú getur klárað allt starfsnám á einum stað og fengið góðan undirbúning fyrir sveinspróf.

- Vélvirkjanemar kynnast eftirliti og viðhaldi á háþróuðum vélbúnaði til raforku- og heitavatnsframleiðslu.
- Rafvirkjanemar kynnast eftirliti og viðhaldi á háþróuðum raf-, stjórn- og varnarbúnaði til raforku- og heitavatnsframleiðslu.

VIÐ TÖKUM JAFNRÉTTIÐ ALVARLEGA

Að jafnaði höfum við fjóra iðnnema í starfsnámi, tvo af hvoru kyni. Því hvetjum við jafnt stelpur og stráka til að sækja um.

Umsóknum skal skilað á ráðningarvef ON, starf.on.is. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, á **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur:
Til og með 6. febrúar 2017

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 Umhverfisverðlaun atvinnulífsins Framtak ársins

ORKA NÁTTÚRUNNAR

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Verkefnastjóri í verktaka- og þjónustufyrirtæki

Garðlist ehf. hefur verið starfandi frá árinu 1989. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í viðhaldsþjónustu í görðum og á grænum svæðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og bæjarfélög. Fyrirtækið hefur vaxið mikið á þessum tíma og aukið við sig mannskap og verkefni.

Á sumrin starfa um 100 manns hjá fyrirtækinu en á veturna eru rúmlega 35 fastir starfsmenn sem sinna vetrarverkum á borð við snjómokstur, jólaskreytingar og önnur tilfallandi verk.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess ***www.gardlist.is***

Garðlist ehf. leitar að öflugum verkefnastjóra til að stýra garðyrkjudeild fyrirtækisins og sinna fleiri spennandi verkefnum. Við leitum að kraftmiklum, skipulögðum og jákvæðum einstaklingi. Um er að ræða framtíðarstarf. Næsti yfirmaður er rekstrarstjóri fyrirtækisins.

Starfssvið

- Skipulagning verkefna og mannskaps
- Umsjón með framkvæmd verka
- Samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins
- Sala, bókanir og skráning verka
- Tilboð og samningagerð

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af stjórnunarstarfi er kostur
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð
- Jákvæðni, lausnamiðuð hugsun og lipurð í mannlegum samskiptum er mikilvæg
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Bílpróf og hreint sakavottorð er skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Sérfræðingur í persónuvernd

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar nýtt starf sérfræðings í persónuvernd. Starfið tilheyrir Regluvörslu bankans sem heyrir undir skrifstofu bankastjóra og er hluti af innra eftirliti bankans. Helstu verkefni deildarinnar eru að annast eftirlit með hlítingaráhættu, aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sviksemi, persónuvernd og eftirlit með framkvæmd verðbréfaviðskipta.

Helstu verkefni

- Undirbúningur fyrir gildistöku nýrrar persónuverndarlöggjafar
- Eftirlit, fræðsla og ráðgjöf á sviði persónuverndar
- Verkefnastjórn og samskipti við ráðgjafa
- Samskipti við eftirlitsaðila

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Góð samskiptafærni, greiningarhæfni og gagnrýnið hugarfar
- Mjög góð færni í íslensku og ensku er skilyrði
- Góð þekking á upplýsingakerfum og lögum um persónuvernd er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Þórður Örlygsson, regluvörður (thordur.orlygsson@landsbankinn.is) og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri (bergthora.sigurdardottir@landsbankinn.is).

Umsókn merkt ***Sérfræðingur í persónuvernd*** fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC



365 óskar eftir góðu fólki

MARKAÐSRÁÐGJAFI SJÓNVARPSAUGLÝSINGA

365 auglýsir eftir duglegum, jákvæðum og hugmyndaríkum einstaklingi með reynslu af auglýsingasölu.

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í hópi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á íslensku viðskiptalífi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.

365 hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2017. Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



Sérfræðingar í þróun ferla

Landsbankinn leitar að reyndum einstaklingum til starfa í Ferlaþróun sem er hluti af sviði Reksturs og upplýsingatækni. Eitt meginhlutverk Ferlaþróunar er að styðja við stöðugar umbætur í rekstri Landsbankans og auka þannig skilvirkni. Lögð er áhersla á hagnýtingu straumlínustjórnunar með það markmið að einfalda vinnuferla og koma á sjálfvirkni þar sem við á.

Helstu verkefni

- Virk þátttaka í greiningu viðskiptaferla og umbótum á þeim með áherslu á upplifun viðskiptavina.
- Fjölbreytt umbóta- og rekstrarverkefni þvert á deildir og svið bankans, þ.m.t. greining og umbætur á bakvinnsluferlum með áherslu á að minnka sóun og auka skilvirkni.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sterk greiningarhæfni og gagnrýnið hugarfar.
- Færni í faglegri framsetningu ferla, gagna og niðurstaðna fyrir ólíka hagsmunahópa.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og fagmennska í starfi.
- Reynsla af hönnun og keyrslu á vinnustofum og virkjun hópa í umbótastarfi.
- Reynsla af straumlínustjórnun, ferlaskráningu og ferlagreiningum.
- Þekking og reynsla af bestun og hermun.
- Verkfræði, tölvunarfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar veita Friðrik G. Guðnason, forstöðumaður Ferlaþróunar, í síma 410 3201 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Sérfræðingar í þróun ferla* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk.

Jafnlaunaúttekt PwC

Taktu á móti framtíðinni með okkur

Toyota Kauptúni leitar að metnaðarfullum starfsmönnum í eftirtalin störf:

Söluráðgjafi Nýrra bíla

Starfssvið

- Sala á nýjum bílum
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Frágangur á sölu

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Þekking og áhugi á bílum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á Word og Excel

Vinnutími: mán-fös 9-18 og
lau 12:00-16:00 (vaktir)

Bílstjóri á lager

Starfssvið

- Útkeyrsla á vörum til viðskiptavina
- Tiltekt pantana
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Reynsla af þjónustustörfum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gild ökuréttindi

Vinnutími: mán–fös 08:00-17:00

Verkstæði – forgreining

Starfssvið

- Forgreining bilana
- Smærri tilfallandi viðgerðir

Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Vandvirkni og stundvísi
- Góð þekking á bílum
- Sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími: mán-fim 08:00-17:00 og
fös 08:00-15:30

Bílamálari

Starfssvið

- Almenn störf bílamálara

Hæfniskröfur

- Próf í bílamálun
- Vandvirkni og stundvísi
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: mán-fim 08:00-17:00 og
fös 08:00-15:30

Standsetning

Starfssvið

- Þrif og standsetning á nýjum og notuðum bílum
- Þrif á bílum viðskiptavina Toyota Kauptúni

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Vandvirkni og stundvísi
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími: mán–fös 08:00–18:00

Lagerstjóri

Starfssvið

- Verkstjórn og stýring daglegra verkefna á vara- og aukahlutalager
- Yfirumsjón með móttöku og afhendingu á vörum
- Umsjón með umhirðu lagersvæðis
- Samskipti við birgja
- Mannaforráð

Hæfniskröfur

- Reynsla af verkstjórn og lagerstýringu skilyrði
- Leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Vinnutími: mán-fös 08:00-17:00

Verkstæðismóttaka

Starfssvið

- Móttaka viðskiptavina
- Afgreiðsla fyrir verkstæði fyrirtækisins
- Verkbókanir og reikningagerð

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Vandvirkni og stundvísi
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vikulegar vaktir mán–fös 07:30-18:00,
07:30-16:30 og 09:00-18:00

Ásetning aukahluta

Starfssvið

- Ásetning aukahluta
- Smærri tilfallandi viðgerðir

Hæfniskröfur

- Góð þekking á bílum
- Vandvirkni og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi

Vinnutími: mán-fim 08:00-17:00 og
fös 08:00-15:30

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 23. janúar á netfangið atvinna@toyota.is, merkt viðkomandi starfi. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfangið fanny@toyota.is

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

www.toyotakauptuni.is info@toyota.is

Spennandi störf hjá VIRK



ATVINNULÍFSTENGILL

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður óskar eftir að ráða fjölhæfan og metnaðarfullan einstakling í starf atvinnulífstengils. Megináherslur í verkefnum atvinnulífstengils er að efla tenginu milli starfsendurhæfingar og atvinnulífs og auðvelda þannig endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf vegna einstaklinga í þjónustu sem snúa að sálfélagslegum þáttum
- Mynda samband við og heimsækja fyrirtæki og stofnanir í þeim tilgangi að finna viðeigandi störf fyrir einstaklinga í starfsendurhæfingu
- Veita einstaklingum sem eru í starfsendurhæfingu ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit
- Samstarf við þverfagleg teymi, m.a. með þátttöku í fundum og öflun og miðlun upplýsinga
- Framfylgja verkferlum, annast skráningu og skýrslugerð
- Veita fyrirtækjum sem ráða til sín einstaklinga í starfsendurhæfingu stuðning og samtvinna þannig starfendurhæfingarferilinn við atvinnuþátttökuna

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Metnaður, frumkvæði og fagmennska
- Hagnýt starfsreynsla og mjög góð þekking á vinnumarkaði
- Ástríða fyrir því að starfa úti í samfélaginu og vera á ferðinni
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Félagslyndi, frumkvæði og jákvætt viðmót
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt góðri tölvukunnáttu

ATARNA

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á heimasíðunni virk.is

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson, leifurgeir@hagvangur.is
Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar n.k.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Spennandi störf hjá VIRK

SÁLFRÆÐINGUR

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum sálfræðingi til að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni á rýnisviði hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði. Meginhlutverk starfsins felst í að veita faglegan stuðning varðandi geðheilbrigðismál tengd starfsendurhæfingu.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf vegna einstaklinga í þjónustu sem snúa að sálfélagslegum þáttum
- Samstarf og teymisvinna með ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK, auk verktaka á vegum VIRK
- Samskipti við fagaðila og stofnanir
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Viðamikil reynsla af klínískri vinnu sem sálfræðingur, reynsla af þriðja stigs geðþjónustu er kostur
- Reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Fagmennska og metnaður
- Þekking og reynsla af teymisvinnu
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á vinnumarkaði, heilbrigðis- og félagsþjónustu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

SJÚKRAÞJÁLFARI

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum sjúkraþjálfara til að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni á rýnisviði hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði. Meginhlutverk starfsins felst í að veita faglegan stuðning og ráðgjöf í starfsendurhæfingu.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf vegna einstaklinga í þjónustu sem snúa að stoðkerfisvanda
- Samstarf og teymisvinna með ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK, auk verktaka á vegum VIRK
- Samskipti við fagaðila og stofnanir
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Löggilding sem sjúkraþjálfari
- Viðamikil reynsla af klínískri vinnu sem sjúkraþjálfari
- Reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Fagmennska og metnaður
- Þekking og reynsla af teymisvinnu
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á vinnumarkaði, heilbrigðis- og félagsþjónustu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á heimasíðunni
virk.is

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson, leifurgeir@hagvangur.is
Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar n.k.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ATARNA

Launafulltrúi hjá traustu fyrirtæki

Viltu starfa á fjölskylduvænum vinnustað?

das HRAFNISTA

Hrafnista óskar eftir launafulltrúa til starfa vegna aukinna verkefna. Í bókhalds- og launadeild starfa 10 starfsmenn. Ef þú ert orðin/n þreytt/ur á yfirvinnunni gæti þetta verið rétta starfið fyrir þig. Starfsandinn er mjög góður og alltaf gaman í vinnunni.

Vinnutíminn er frá kl. 8/9 til kl. 16/17.

Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af launavinnslu
- Þekking á H-launum og Vinnustund mikill kostur
- Góð Excel kunnátta
- Þekking á bókhaldskerfum
- Nákvæmni og þolinmæði
- Mjög góð samskiptahæfni

Starfssvið:

- Útreikningur launa og greiðsla launa
- Upplýsingagjöf til starfsmanna
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði og stéttarfélög
- Færsla bókhalds, afstemmingar og reikningagerð

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.

Umsjón með starfinu hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðunni, www.fastradningar.is



FAST Ráðningar

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

MýSköpun

Framkvæmdastjóri

MýSköpun ehf. óskar eftir að ráða öflugan framkvæmdastjóra til starfa í Mývatnssveit.

Leitað er að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að taka þátt í spennandi verkefnum er tengjast líftæknirannsóknum og uppbyggingu örþörungaverksmiðju.

Starfssvið

- Daglegur rekstur, fjármál og umsjón samninga
- Stjórnun rannsókna- og þróunarverkefna.
- Markaðs- og kynningarmál.
- Öflun verkefna og samstarfsaðila.
- Skipulagning framkvæmda og verkefnastjórnun.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði.
- Líftækni- eða önnur þekking á raunvísindum.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsóknir og ferilskrár berist á netfangið bjarni@myskopun.is
Upplýsingar veitir
Bjarni Jónasson formaður stjórnar
Sími 8610058



Ert þú reynslumikill rafmagnsiðnfræðingur eða rafvirkjameistari?

Við leitum að umsjónarmanni rafmagnsþjónustu í teymi iðnmenntaðra starfsmanna í Mæla- og notendaþjónustu.

Verkefnin eru mjög fjölbreytt í hópi sem sinnir þjónustu við viðskiptavini, s.s. móttöku heimlagnaumsókna, mælaskiptum, spennusetningum, almennri notendaþjónustu og fleiri verkefnum á rafmagnssviði.
Mikilvægur þáttur í starfinu er verkstjórn teymis, ýmis aðstoð við viðskiptavini þegar kemur að rafmagni auk þátttöku í ýmsum verkefnum er lúta að þjónustu við viðskiptavini og samstarfsfólk.

Þú þarft að hafa próf í rafmagnsiðnfræði eða vera reynslumikill rafvirkjameistari frá Meistaraskóla, vera vel tölvulæs og hafa áhuga á að tileinka þér nýja tækni til að ná tökum á þessu starfi, hafa leiðtoga- og stjórnunarhæfileika auk þess að búa yfir heilmikilli þjónustulund. Æskilegt er að þú hafir góða reynslu af neysluveitum stórum sem smáum.

Við hvetjum konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar.

Jafnlaunamerkt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

ÍAV

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.

Við breytum vilja í verk

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

Erum við að leita að þér ?

ÍAV óskar eftir öflugu fólki til framtíðarstarfa á höfuðborgarsvæðinu, suðurnesjum og nágrenni.

Verkefnastjóri

Verkefnastjórar stýra verklegum framkvæmdum og bera ábyrgð á því að gæða-, kostnaðar- og tímaáætlanir standist.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bygginga-, tækni- eða verkfræði
- Þekking og reynsla af hönnun bygginga, stjórnun, framkvæmdaeftirlit og ráðgjöf
- Vottun frá Verkefnastjórnunarfélaginu eða MPM nám er kostur
- Reynsla af tilboðsgerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri, magni@iav.is, í síma 530-4200.

Jarðvinnuverkstjóri / flokkstjóri

- Reynsla af umsjón jarðvinnuverkefna

Tækjamenn á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum

- Suðurnes, reynsla af námuvinnslu
- Höfuðborgarsvæðið, reynsla á hjólagröfum og smávélum

Sérhæfðir verkamenn í jarðvinnu á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum

- Reynsla af lagnavinnu æskileg

Upplýsingar veitir Árni Valur Garðarsson verkefnastjóri á jarðvinnusviði, avg@iav.is í síma 530-4200.

Trésmiðir í mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að einstaklingum jafnt sem hópum. Uppmæling á vegum Byggiðnar í boði þar sem við á.

Menntun og hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Reynsla við uppsteypu
- Reglusemi og stundvísi

Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri, magni@iav.is, í síma 530-4200.

Trésmiðir í þjónustuverkefni á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.

Þjónustudeildin sinnir ýmiskonar viðhalds- og þjónustuverkefnum á stór höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að metnaðarfullum trésmiðum með ríka þjónustulund gagnvart viðskiptavinum. Starfið fellst meðal annars í viðhaldsverkefnum, breytingarvinnu, útkallsþjónustu og nýsmíði.

Menntun og hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Almenn snyrtimennska
- Þekking, reynsla og sjálfstæði í starfi
- Fjölþætt reynsla af viðhaldsvinnu er kostur
- Reglusemi og stundvísi

Upplýsingar veita Gunnar Traustason á höfðuborgarsvæðinu, gunnartr@iav.is, og Einar Ragnarsson á suðurnesjum, einar.ragnarsson@iav.is, í síma 530 4200.

Umsóknir berist í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is fyrir 4.febrúar nk.

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

Reykjavíkurborg
Listasafn Reykjavíkur

Tæknifólk

Listasafn Reykjavíkur auglýsir eftir tæknikonum/tæknikörlum sem jafnframt hafa umsjón með safnhúsum í tvær 60% stöður. Unnið er á vöktum í sex daga og frí í átta daga.
Leitað er að lausnamiðuðum, jákvæðum og drífandi einstaklingum sem vilja starfa í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi þar sem bæði þarf að hafa eftirlit með húsnæði, stilla, tengja og bera húsgögn. Jafnframt því að hafa eftirlit með orku- og öryggiskerfum. Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða.

Helstu viðfangsefni:
- Umsjón með tækni á fjölbreyttum viðburðum, undirbúningur þeirra og frágangur vegna viðburða í safnhúsunum
- Almenn húsvarsla í þremur safnhúsum
- Eftirlit með orku- og öryggiskerfum
- Minniháttar viðgerðir og viðhald, innandyra sem utan
- Eftirlit með útilistaverkum

Hæfniskröfur:
Leitað er að einstaklingum með tækni- og/eða iðnmenntun sem nýtist í starfi eða með aðra menntun á starfssviði safnsins. Reynslu af störfum sem tengjast viðburðum og tæknimálum þeim tengdum þar á meðal hljóð, ljós og mynd.
Tæknileg færni og kunnátta í meðferð tækja og tóla.
Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar.
Reynsla af viðhaldi, umsjón, eftirliti og rekstri fasteigna.
Sjálfstæði, útsjónarsemi og góð þjónustulund.
Sveigjanleiki, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi. Góð ensku- og tölvukunnátta.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.
Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30.1.2017

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og upplýsingar um umsagnaraðila.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Friðbertsdóttir í síma 411-6400 eða með því að senda fyrirspurnir á anna.fridbertsdottir@reykjavik.is

ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

HEGGUR innréttingar

Óskar eftir vönum smið á trésmíðaverkstæði til starfa við tölvustýrðann yfirfræsara.
Reynsla af tölvustýrðum trésmíðavélum æskileg.
Íslenskukunnátta skilyrði.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

Sálfræðingur

Laus er til umsóknar 80% staða sálfræðings. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsækjandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi og þekkingu og reynslu á eftirtöldum sviðum: Þverfaglegri endurhæfingu, klínískri sálfræði og hugrænni atferlismeðferð, handleiðslu, fræðslu og vinnu með hópa, sálfræðilegri greiningu fullorðinna, vísindarannsóknum og þróunarvinnu.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Sálfræðingafélags Íslands og Reykjalundar.

Umsóknir berist til Ingu Hrefnu Jónsdóttur, forstöðusálfræðings (ingah@reykjalundur.is) sem veitir upplýsingar um starfið. **Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2017.** Umsækjendur þurfa að geta hafið störf hið fyrsta.

Á Reykjalundi starfa sjö sálfræðingar í átta þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Óskað er eftir einstaklingum með færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu innan endurhæfingar.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Sérfræðingur í orkumiðlun - ertu ON?

Orka náttúrunnar óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing í fjölbreytt og krefjandi starf við orkumiðlun. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða greiningarhæfni, er talnaglöggur, nákvæmur og skipulagður í störfum sínum.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Kaup og sala á raforku til stórnotenda
- Rekstur og uppgjör stóriðjusamninga
- Gerð keyrsluáætlana fyrir virkjanir fyrirtækisins
- Ýmis greiningarvinna
- Viðskiptaþróun og greining viðskiptatækifæra

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Meistaragráða á sviði verkfræði eða viðskiptafræði
- Framúrskarandi þekking á Excel skilyrði
- Góð almenn tölvufærni nauðsynleg
- Þekking og reynsla á raforkumarkaði kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur:
Til og með 24. janúar 2017

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, á **starf@on.is**.

Hjá ON er jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum.
Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um starfið.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að varðveita og miðla upplýsingum um einstaklinga og eignir. Framtíðarsýn okkar er að vera fyrirmyndarvinnustaður, fremst á sviði rafrænna lausna og upplýsingaveita sem innviðir samfélagsins reiða sig á.

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 öflugir starfsmenn á tveimur starfsstöðvum, í Reykjavík og á Akureyri. Áhersla er lögð á jákvæðan starfsanda og góða vinnuaðstöðu.

Gildi Þjóðskrár Íslands eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.

SKÖPUNARGLEÐI

ÁREIÐANLEIKI

VIRÐING

Þjóðskrá Íslands leitar að öflugum liðsmönnum

Deildarstjóri almannaskráningar. Reykjavík

Almannaskráningardeild er 14 manna deild sem sér um skráningu og upplýsingagjöf úr þjóðskrá. Þar eru skráðar allar upplýsingar um lífsferil einstaklinga. Rétt skráning í þjóðskrá er grunnur allra réttinda einstaklinga í samfélaginu. Starfið felst í daglegri stjórnun og eftirliti með skráningu í þjóðskrá, útgáfu vottorða og gerð og þróun gæðaferla og verklagsreglna.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af gæðamálum, greiningu og gerð verkferla
- Góð færni í að greina og finna lausnir til úrbóta
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Góð kunnátta í íslensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Þekking á umhverfi upplýsingaöryggis er kostur

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og vera lausnamiðaður.

Deildarstjóri Þjónustuvers. Reykjavík

Þjónustuver Þjóðskrár Íslands sér um afgreiðslu og upplýsingagjöf til viðskiptavina stofnunarinnar. Afgreiðslur stofnunarinnar eru staðsettar í Reykjavík og á Akureyri og símaver á Akureyri. Starfið felst í daglegri verkstjórn þjónustuvera. Í starfinu felst m.a. að tryggja framúrskarandi þjónustu í framlínu ÞÍ og annast gerð verklagsreglna þjónustuvers. Einnig felst í starfinu umsjón með vinnslu bakvinnsluverkefna sem falin eru þjónustuveri.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Reynsla af rekstri þjónustuvers æskileg
- Þekking og reynsla af gæðamálum, greiningu og gerð verkferla
- Góð færni í að greina og finna lausnir til úrbóta
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og vera lausnamiðaður.

Starfsmenn á fasteignaskrársvið. Reykjavík og Akureyri

Helstu verkefni eru yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, skráning og skoðun mannvirkja, útreikningur fasteignamats og brunabótamats, skráning landfræðilegra upplýsinga, vinnsla í sérhæfðum tölvukerfum, samskipti við fasteignaeigendur og sveitarfélög auk gæða- og þróunarstarfs.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi, til að mynda iðnmeistari, byggingafræðingur, verkfræðingur, landfræðingur
- Reynsla af matsstörfum eða fasteignasölu er kostur
- Reynsla af útreikningi byggingarkostnaðar er æskileg
- Æskilegt að hafa lokið námskeiði í gerð eignaskiptayfirlýsinga
- Reynsla af landupplýsingakerfum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Talnaglöggur
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Leitað er að einstaklingi sem hefur góða skipulagshæfileika, sýnir frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og hefur ríka þjónustulund.

Lögfræðingur. Reykjavík

Um er að ræða starf á stjórnsýslusviði sem felst m.a. í úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna á fag- og framleiðslusviðum Þjóðskrár Íslands s.s. á sviði fasteignaskráningar og skráningar í þjóðskrá. Starfið felur í sér málsmeðferð vegna stjórnsýslumála er varða verkefni stofnunarinnar, ráðgjöf innan sem utan stofnunar og samskipti og þjónustu við önnur stjórnvöld, sveitarfélög og almenning. Í starfinu getur einnig falist gerð gæðaferla, verklagsreglna og ritun umsagna við lagafrumvörp og reglugerðardrög.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða meistaraprófí lögfræði
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Góð almenn tölvukunnátta og skilningur á upplýsingatækni
- Góð kunnátta í íslensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Þekking og reynsla tengd starfsemi Þjóðskrár Íslands, s.s. á sviði eignaréttar og persónuréttar er kostur
- Reynsla af gerð lagafrumvarpa er kostur
- Þekking á umhverfi gæðastjórnunar upplýsingaöryggis er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera ríka þjónustulund, hefur sýnt fram á framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og hefur metnað fyrir verkefnum hverju sinni. Viðkomandi þarf að vera vandvirkur, hafa mikla skipulagshæfileika og getu til að leysa verkefni sjálfstætt og í teymisvinnu.

Verkefnastjóri. Reykjavík

Um er að ræða starf á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Meginverkefni sviðsins snúa að þróun og rekstri hugbúnaðar undir merkjum upplýsinga- og þjónustuveitunnar Ísland.is. Starfið er fjölbreytt og felst meðal annars í að greina ný þróunarverkefni og stýra þeim, veita ráðgjöf til ráðuneyta, stofnana, þjónustuveitenda og notenda, ásamt því að bregðast við rekstrarvandamálum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Próf á háskólastigi, tölvunarfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun upplýsingatækniverkefna
- Frumkvæði, metnaður og nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli

Leitað er að traustum einstaklingi sem tekur ábyrgð á verkefnum, heldur þeim á áætlun og fylgir þeim eftir til loka. Viðkomandi þarf að hafa skipulagshæfileika, vera lausnamiðaður og geta unnið eftir skilgreindum gæða- og öryggisferlum.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.skra.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skulu sendar á netfangið **starfsumsoknir@skra.is**. Umsóknarfrestur er til og með **30. janúar 2017**.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Ertu nemi í rafvirkjun?

Viltu komast á samning hjá okkur?

Við leitum að tveimur jákvæðum og námsfúsum rafvirkjanemum sem eru búnir með grunndeild og langar til að kynnast stærsta veitukerfi landsins – og halda viðskiptavinum okkar á höfuðborgarsvæðinu í sambandi alla daga.

Við bjóðum upp á metnaðarfulla nemaþjálfun þar sem þú getur klárað allt starfsnám á einum stað og fengið góðan undirbúning fyrir sveinspróf.

Ef við tengdum saman alla rafstrengi Veitna myndu þeir ná til Rómar!

Fjölbreytt úrlausnarefni
Hjá okkur kynnist þú ótrúlega fjölbreyttri starfsemi; hvernig við dreifum háspennu um borgina í gegnum aðveitu og dreifistöðvar alla leið inn á heimili og í fyrirtæki. Þú vinnur með stýribúnað, jarðstrengi, háspennulínur, götuljós og kynnist líka annarri vinnu rafvirkja hjá Orkuveitusamstæðunni sem við erum hluti af.

Þú færð skemmtilega og hagnýta reynslu af því að vinna með reynslumiklu fagfólki á fjölbreyttum og lifandi vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Við tökum jafnréttið alvarlega
Að jafnaði höfum við tvo rafvirkjanema í starfsnámi, sinn af hvoru kyni. Því hvetjum við jafnt stúlkur sem pilta til að sækja um og kynna sér nám í rafvirkjun. Ef þú vilt sækja um ferðu á starf.or.is/veitur/ og fyllir út umsókn. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Kynntu þér Veitur á veitur.is og á Facebook

VEITUR

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

HEGGUR innréttingar

Óskar eftir vönum smið á trésmíðaverkstæði til starfa við tölvustýrðann yfirfræsara.
Reynsla af tölvustýrðum trésmíðavélum æskileg.
Íslenskukunnátta skilyrði.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

RANGA
Skipasundi 56 Sími 553 3402

Litla búðin með stóra hjartað

Afgreiðslustarf

Vantar glaðlyndan, brosmildan, þjónustulundaðan og áreiðanlegan starfskraft í hlutastarf í litla matvöruverslun.

Afgreiðsla, áfylling og þrif.

Erum einnig með starf laust sem hentar með skóla.
Reglusemi, reykleysi og góð íslenskukunnátta skilyrði Upplýsingar eru ekki veittar á staðnum.

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá ásamt meðmælendum á ranga@islandia.is

Tæknimaður Borgarnesi

VEGAGERÐIN

**Laust er til umsóknar starf tæknimanns á tæknideild Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Deildin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á sviði nýframkvæmda, viðhalds á slitlögum, efnisvinnslu, styrkingum og endurbótum.
Um 100% starf er að ræða.**

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með nýframkvæmdum og öðrum framkvæmdum.
- Umsjón undirbúnings og útboðs framkvæmdaverka.
- Gerð útboðs- og verðkönnunargagna.
- Landmælingar vegna verkhönnunar og undirbúnings.
- Annast önnur tæknileg úrlausnarverkefni innan deildarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 23. janúar 2017.
Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst..

Nánari upplýsingar um störfin veitir Pálmi Þór Sævarsson í síma 5221000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

17-0154 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa starfað sem verkfræðingar hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Við leitum að metnaðarfullum, drífandi og skipulögðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

YFIRVERKEFNASTJÓRI

Helstu verkefni eru umsjón og ábyrgð á framkvæmdaverkefnum frá hönnun til reksturs. Skipulagning og yfirumsjón framkvæmdaáætlana. Ábyrgð á fjármálstjórn framkvæmdaverkefna ásamt samskiptum og samráði fjárfestinga.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í verk- eða tæknifræði
- Víðtæk reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð
- Reynsla af verkefnum með hátt flækjustig
- Reynsla eða menntun í fjármálum framkvæmda

SAMRÆMINGASTJÓRI FJÁRFESTINGAVERKEFNA

Helstu verkefni eru samræming utanumhalds verklegra framkvæmda sem eru í hönnun, utanumhald áætlunargerðar og stöðu verkefna. Skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnsla. Samningastjórnun og utanumhald samninga. Umsjón með framkvæmdavef og ábyrgð á verkefna- og rekstrarhandbókum.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í verk- eða tæknifræði eða framhaldsmenntun í verkefnastjórnun er skilyrði
- Reynsla af fjárfestingaverkefnum
- Reynsla af skýrslugerð

HÖNNUNARSTJÓRI

Helstu verkefni eru umsjón og ábyrgð á að samræma hönnunargögn svo sem aðal- og séruppdrætti.
Ábyrgð með gæðastjórnunarkerfi hönnunar, eftirliti með hönnunarmódeli og verkstýringu hönnunar. Gerð tíma-, hönnunar- og kostnaðaráætlana.
Innra eftirlit á hönnun mannvirkja og áætlun um úttektir hönnunar.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun, t.d. á sviði arkitektúrs, verk- eða tæknifræði
- Löggilding og réttindi til að leggja fram uppdrætti er skilyrði
- Fjölbreytt reynsla af mannvirkjagerð
- Góð samskiptahæfni

SAMHÆFINGARAÐILI TEIKNINGA (BIM COORDINATOR)

Helstu verkefni eru hönnun og teiknivinna í Autocad og Revit.
Viðhald BIM líkana, CAD teikninga, landupplýsingakerfa sem og viðhald annarra gagna sem tengjast hönnun og framkvæmdum við Keflavíkurflugvöll.
Vinna við stefnumótun á nýjum kerfum er tengjast BIM/VDC í hönnun, framkvæmd og rekstri.

Hæfniskröfur:

- Tækniteiknun eða önnur viðeigandi menntun sem nýtist starfi
- Haldgóð kunnátta á Autodesk Revit
- Þekking á BIM aðferðafræðinni er kostur

capacent

Nánari upplýsingar gefur Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is.
Umsóknir óskast fylltar út á www.capacent.is.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

STARFSSTÖÐVAR:
KEFLAVÍK OG REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
26. JANÚAR 2017

UMSÓKNIR:
CAPACENT.IS

isavia

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir tvö störf fjármálaráðgjafa laus til umsóknar

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir tvö störf fjármálaráðgjafa laus til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum til að gegna starfi fjármálaráðgjafa leikskóla annars vegar og fjármálaráðgjafa grunnskóla hins vegar.
Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Jafnframt greiðið sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra.

Helstu verkefni:
- Mánaðarlegar frávikagreiningar, samantektir og skýrslugerð
- Ráðgjöf og upplýsingargjöf við stjórnendur stofnana
- Samskipti við stoðdeildir vegna reksturs stofnunar
- Fjárhagslegt eftirlit
- Þróun og samantekt á lykiltölum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í viðskiptafræði með áherslu á fjármál/reikningshald
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð
- Reynsla af greiningu lykiltalna æskileg
- Afburða samskiptafærni
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð íslenskukunnátta, ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Agresso og SAP er kostur

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2017.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðeigandi stéttarfélög. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri, í síma 411-111. Netfang: kristjan.gunnarsson@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is

Magnað tækifæri á fallegum stað

Starfskraftur óskast á vélaverkstæði á Kópaskeri. Óskað er eftir áhugasömum aðila annaðhvort með iðnmenntun sem getur nýst á fjölbreyttu vélaverkstæði t.d. bifvélavirkja, vélvirkja, stálsmið eða aðila sem hefur víðtæka reynslu í vélaviðhaldi almennt.
Vinnan getur falið í sér t.d. verkstjórn, rekstrarstjórn eða öðru sem hæfir viðkomandi aðila. Á verkstæðinu er stunduð mjög fjölbreytt þjónusta svo sem bílaviðgerðir, smíði, pípulagnir, viðhald og eftirlit með hitaveitu o.fl. Aðstoðað verður við atvinnuleit maka og gott húsnæði á vægu verði er til staðar– sjá mynd.

Kópasker er á fallegum stað á norðausturhorninu. Öll helsta þjónusta er á svæðinu og atvinnulíf er blómlegt. Svæðið byggir að mestu á matvælavinnslu, ferðamennsku og svo er hvers kyns vélaþjónusta öflug. Menning er talsverð og eru starfrækt ýmiskonar félög á svæðinu.

Nánari upplýsingar má fá hjá Stefáni Hauk, Verkstæðinu Sel í síma 8940172 eða á netfangið *shgsirra@kopasker.is*. Senda skal umsóknir á sama netfang.

STÓRHUGA STARFSKRAFTUR Á SMÁSÖLUSVIÐ

OLÍS ÓSKAR EFTIR MARKAÐSFULLTRÚA Á SMÁSÖLUSVIÐ

Olís er traust fyrirtæki sem fagnar 90 ára afmæli á þessu ári. Hjá fyrirtækinu starfa um 550 manns á öllum aldri að fjölbreyttum verkefnum.

Starf markaðsfulltrúa tengist flestum þáttum starfseminnar og er því bæði fjölbreytt og spennandi tækifæri fyrir einstakling sem hefur áhuga á verslun og þjónustu.

Verkefnin:
- Umsjón og hönnun markaðsefnis
- Vinna með ásýnd vörumerkja smásölusviðs og þróun þeirra
- Þróun stefnumörkunar og ásýndar á samfélagsmiðlum
- Umsjón og ritstjórn efnis á vefsíðum
- Ábyrgð á innri markaðssetningu
- Ásýnd þjónustustöðva

Umsækjandi þarf að hafa:
- Gott vald á íslenskri tungu
- Góða samskiptahæfileika
- Færni í grafískri hönnun
- Reynslu af markaðsmálum

Umsóknir sendist á markadsfulltrui@olis.is fyrir 1. febrúar.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

olís
Vinur við veginn

SNÆLAND

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf, um er að ræða vakta-vinnu. Vinsamlega leggið inn umsókn á snaelandvideo.is eða hafðið samband við Pétur í síma 693-3777.

We are looking for full-time employees, working on shifts. Please provide an application on snaelandvideo.is or contact Pétur at telephone 693-3777.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Sölumaður verslunarlausna

Óskum eftir sölumanni fyrir verslunarlausnir

Hillukerfi - Kælar - Kæliborð - Afgreiðsluborð - Innkaupavagnar - lagervagnar - Handkörfur - Hita- og kæliskápar - Aðgangsstýringarkefi.

Allt fyrir veitingar
Allt fyrir vöruhús og lager
Allt fyrir stóreldhús
Allt fyrir öryggiskerfi
Allt fyrir hótel

í þjónustu við verslanir í 27 ár.

Verslunartækni er leiðandi fyrirtæki í innflutningi og þjónustu á vörum fyrir verslanir. Skemmtilegur vinnustaður og mikil reynsla starfsfólks.

Upplýsingar um umsækjenda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is
Frekari upplýsingar veitir Sigurður í síma: 896 5400

Allt hjá okkur

4798#

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
sími: 535 1300 - Fax: 535 1305
verslun@verslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki
VR Framúrskarandi fyrirtæki 2016

Deloitte.

Ert þú efni í öflugan ráðgjafa?

Deloitte leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingum með brennandi áhuga á fjármálum fyrirtækja.

Fjármálaráðgjöf Deloitte leitar af starfsmönnum til að bætast í hóp öflugra ráðgjafa. Fjármálaráðgjafar Deloitte vinna náið með fyrirtækjum að úrlausn krefjandi verkefna. Unnið er í verkefnateymum undir handleiðslu reyndra ráðgjafa.

Helstu verkefni fjármálaráðgjafa eru:
- Verðmat fyrirtækja og rekstrareininga
- Aðstoð við kaup og söluferli fyrirtækja
- Áreiðanleikakannanir og úttektir á rekstri og fjármálum fyrirtækja
- Rekstrarlegar og fjárhagslegar endurskipulagningar fyrirtækja
- Smíði og yfirferð fjárhagslegra líkana í Excel
- Viðskipta- og fjárhagsáætlanagerð
- Ráðgjöf við innviðafjárfestingar

Hæfniskröfur:
- Meistaragráða á sviði fjármála, hagfræði, verkfræði eða skyldra greina
- Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni á skýran og skilmerkilegan hátt
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Góð kunnátta í Excel og Powerpoint
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samstarfshæfni, jákvæðni og rík þjónustulund
- Metnaður og áhugi til að læra og þróast í starfi í gegnum krefjandi verkefni á innlendum og alþjóðlegum vettvangi

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**, fyrir 23. janúar 2017.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir mannauðsstjóri, **harpa.thorlaksdottir@deloitte.is.**

VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN
FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra í vöruþróun fyrir BIOEFFECT vörulínu félagsins. Verkefnin eru unnin í nánu samstarfi við mismunandi deildir innan félagsins.

Starfssvið:
- Verkefnastjórnun í vöruþróun BIOEFFECT vara frá upphafi vöruþróunarferlis þar til vara er tilbúin til framleiðslu og sölu
- Skipulag verkefna, gerð tímalína, upplýsingagjöf og skýrslugerð um framgang verkefna
- Eftirlit, eftirfylgni og utanumhald á öllum þáttum vöruþróunarinnar
- Skráningar og skjölun á öllum þáttum vöruþróunar-ferlisins
- Verkefnastýring, eftirfylgni og utanumhald á breytingum á vörum
- Miðlun upplýsinga til þeirra aðila sem að ferlinu koma og frá þeim

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun eða haldbær reynsla á sviði verkefnastjórnunar í vöruþróun eða sambærilegu starfi
- Mjög góð samskiptafærni
- Áhugi á húðvörum, markaðsmálum og lífvísindum
- Reynsla af notkun hugbúnaðarkerfa fyrir verkefnastjórnun, s.s SharePoint, Product Manager, eða Microsoft Project.
- Nákvæm vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknir með ferilskrá sendist til
starf@orf.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2017

Nánari upplýsingar varðandi starfið veitir Harpa Magnúsdóttir í síma 591-1590.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.
Upplýsingar um BIOEFFECT vörur félagsins má finna á www.bioeffect.com

ORF Líftækni er íslenskt líftæknifyrirtæki sem framleiðir frumuvaka með plöntuerfðatækni. ORF Líftækni er eina félagið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð, en þær eru markaðssettar undir vörumerkinu BIOEFFECT sem er nú þegar í fremstu röð á húðvörumarkaði.
Vörurnar eru seldar í 28 löndum, yfir 1000 verslunum og seldust fyrir 3.5 milljarða árið 2016.

ORF LÍFTÆKNI

Vörustjóri á heildsölumarkaði

Hefur þú brennandi áhuga á tækni og mikla samskiptahæfileika? Þá gæti starf vörustjóra á heildsölumarkaði hjá Vodafone verið þitt tækifæri.

Starfssvið:

- Samningar og samskipti við stærstu heildsöluaðila Vodafone heima og erlendis
- Sala fjarskiptatenginga og uppgjör
- Eftirfylgni verkefna
- Innleiðing á nýrri þjónustu með vöru- og verklýsingu
- Ráðgjöf á sérlausnum fyrir sölusvið

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Nánari upplýsingar er að finna á vodafone.is/storf

BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarf kemur til greina.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:

- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 25. janúar 2017

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

Hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing til starfa á hagfræði- og peningastefnusviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði- og peningastefnusvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði- og peningastefnusvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamál* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Helstu verkefni:

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans.
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í Peningamál.
- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðasviðum Seðlabankans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- A.m.k. meistarapróf í hagfræði.
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku.
- Góð hæfni í að setja fram fræðileg efni á skýran hátt.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, framkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnusviðs og aðalhagfræðingur bankans, netfang: thgp@cb.is, s: 569-9600 og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, starfsmannastjóri, netfang igr@cb.is, s: 569-9600.

Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2017. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá Félagsþjónustu Norðurþings

Félagsþjónusta Norðurþings auglýsir lausa stöðu félagsráðgjafa.

Í starfinu felst m.a.vinna vegna:

- Barnaverndarmála
- Fjárhagsaðstoðar
- Félagslegrar ráðgjafar í einstaklings- og fjölskyldumálum

Helstu verkefni Félagsþjónustu Norðurþings eru; félagsleg ráðgjöf, barnavernd, þjónusta við aldraða, málefni fatlaðra og sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla. Unnið er með öðrum fagstéttum í þverfaglegum teymum og áhersla lögð á samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfi félagsráðgjafar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga. Starfið hæfir jafnt körlum sem konum.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Félagsþjónustu Norðurþings, c/o Dögg Káradóttir félagsmálastjóri, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða á netfangið doggkara@nordurthing.is

Umsóknarfrestur er til 22. janúar n.k.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Dögg Káradóttir, félagsmálastjóri, doggkara@nordurthing.is eða í síma 464-6100.

Landsvirkjun

Við leitum að **framúrskarandi** fólki

Landsvirkjun er rótgróið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum með virkum hætti að uppbyggingu í orkumálum og viðskiptalífi og viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum.
Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

Verkefnastjóri jarðvarma

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfskraft á þróunarsvið fyrirtækisins. Í starfinu felst verkefnastjórnun fyrir undirbúning jarðvarmavirkjana auk stefnumótunarvinnu og áætlanagerðar í verkefnum. Viðkomandi mun einnig hafa umsjón með hönnun, leyfisveitingum og samningum við ráðgjafa og verktaka.

- M.Sc. próf í verkfræði, raunvísindum eða sambærileg menntun
- Að lágmarki 5 ára reynsla af vinnu við jarðvarmaverkefni
- Þekking á orkumálum
- Færni á sviði verkefnastjórnunar
- Færni í notkun helstu tölvu- og upplýsingakerfa
- Færni í gerð og framsetningu kynningarefnis í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Frumkvæði, jákvæðni og lipurð í samskiptum

Sérfræðingur á sviði vinnsluáætlana

Í starfinu felst gagnagreining fyrir rekstur orkuvinnslukerfis ásamt þróun orkulíkana vegna skammtímareksturs vinnslukerfis. Viðkomandi tekur þátt í gerð rekstraráætlana fyrir vatnsbúskap, vinnslu einstakra aflstöðva og afhendingu orku til viðskiptavina Landsvirkjunar.

- Háskólamenntun í verkfræði, stærðfræði eða tengdum greinum, framhaldsmenntun er skilyrði
- Þekking á aðgerðarannsóknum
- Þekking á forritun, tölvulíkönum og tölfræði
- Frumkvæði, jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Sótt er um störfin á vef Capacent, capacent.is. Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*. Umsóknarfrestur er til 29. janúar.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.

ERT ÞÚ ÞESSI

STARFSMAÐUR Á LYFTARA

SEM VIÐ LEITUM AÐ?

FAGMENNSKA
DUGNAÐUR
LIPURÐ
TRAUST

BYKO vöruhús Kjalarvogi leitar eftir starfsmönnum með reynslu á lyftara í dag- og kvöldvinnu.

- **Dagvinna** virka daga.
- **Kvöldvinna** hentar vel sem aukavinna.

Leitað er að stundvísum og öflugum aðilum, 25 ára eða eldri með lyftarapróf. Tölvukunnátta er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 25. janúar en umsækjendur þurfa að geta hafið störf 1. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Einarsson, adalsteinn@byko.is eða í síma 821-4015.

Sótt er um á www.byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Skrifstofumaður - Embætti ríkislögmanns

Skrifstofumaður óskast í 50% starf hjá embætti ríkislögmanns. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. mars 2017 eða eftir nánara samkomulagi. Óskað er eftir að ráða jákvæðan starfsmann með góða samskiptahæfni.

Embætti ríkislögmanns rekur dómsmál fyrir ríkið og stofnanir þess og fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að íslenska ríkinu. Auk ríkislögmanns og skrifstofustjóra starfa 7 lögmenn hjá embættinu.

Helstu verkefni og ábyrgð
Starfið felst aðallega í móttöku, símsvörun, ljósritun og frágangi mála auk ýmis konar verkefna í samvinnu við lögmenn embættisins.

Hæfnikröfur
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi og geta til að vinna undir álagi
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg, þekking á IBM Notes æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af ritarastörfum er æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og staðfestar upplýsingar um menntun.
Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við þá umsækjendur sem til álita koma.

Nánari upplýsingar veitir Stefanía Gissurardóttir í síma 545 8490. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Starfshlutfall er 50%
Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2017.
Umsóknir skal senda á netfangið postur@rlm.is

VILTU VINNA VIÐ ALVÖRU TRUKKA?

Vegna góðrar verkefnastöðu viljum við bæta við okkur liðsmönnum

KLETTUR

Klettur er leiðandi í þjónustu og sölu vörubíla, vinnuvéla og tækja. Hjá Kletti starfa um 75 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania og Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum. Gildi Kletts eru heiðarleiki, fagmennska, liðsheild og staðfesta.

SCANIA VIÐGERÐIR

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á Scania vörubílum.

Hæfniskröfur
- Bifvélavirki, vélvirki eða sambærileg menntun, og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Metnaður til að læra og vaxa í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska

SCANIA BILANAGREININGAR

Starfið felur í sér bilanagreiningar og viðgerðir á Scania vörubílum og rútum.

Hæfniskröfur
- Bifvélavirki, vélvirki eða sambærileg menntun, og/eða mikil reynsla sem nýtist í starfi
- Góð færni í bilanagreiningu og rafmagnsvinnu
- Frumkvæði og geta til að vinna eftir stöðlum framleiðanda
- Lausnamiðuð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska
- Íslenska og enska, bæði töluð og rituð
- Góð tölvukunnátta

HIAB VIÐGERÐIR

Starfið felur í sér viðgerðir og viðhald á krönum og glussakerfum.

Hæfniskröfur
- Bifvélavirki, vélvirki eða sambærileg menntun, og/eða mikil reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á vökvakerfum
- Frumkvæði, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska
- Íslenska og enska, bæði töluð og rituð

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Svein Símonarson, framkvæmdastjóra þjónustusviðs (s. 825 5752 eða svsi@klettur.is) eða Sigurjón Örn Ólafsson, þjónustustjóra (s. 825 5757 eða soo@klettur.is). Umsóknarfrestur er til 26. janúar 2017.

Stofnfiskur óskar eftir starfsmanni

StofnFiskur

Starfssvið og ábyrgð:
Starfið felur í sér öll almenn eldisstörf í hrognahúsi Stofnfisks hf. sem staðsett er í Vogum. Það er meðal annars öll almenn umhirða og vinnsla á hrognum auk viðhalds og fleira sem við kemur rekstri stöðvarinnar.

Kröfur:
Við leitum eftir duglegum starfsmenni sem er jákvæður, lipur í samskiptum og vinnur vel í teymi. Reynsla af fiskeldi, próf í fiskeldisfræði eða sambærileg menntun er kostur.

Skrifleg umsókn ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið gudbjorg@stofnfiskur.is fyrir **23. janúar 2016**

You have been cleared for take-off!

We are taking on additional international projects and seek motivated and skilled individuals on both domestic and foreign projects, for the following position:

TEST ENGINEER

Minimum qualifications include:

- experience in implementing effective test procedures,
- excellent problem solving skills,
- ability to work in a collaborative, team oriented environment,
- strong verbal and written communication skills,
- ability to coordinate and plan software test activities.

Preferred qualifications include:

- working knowledge of Linux, familiar with Linux command line,
- 3+ years in software testing,
- university degree in a technical field or equivalent,
- ISTQB certification or equivalent preferred.

Tern Systems provides mission critical Air Traffic Management solutions for customers in Europe, Africa and Asia.

For further information contact Tómas Davíð Þorsteinsson, Director of Administration of Tern Systems, on **525-0500** or at **tomas@tern.is**.

All applications shall be sent to jobs@tern.is before **3rd of February, 2017**

For information see **www.tern.is**

Tern Systems

LANDSPÍTALI ... LIFANDI VINNUSTAÐUR!

Öldrunardeild Vífilsstöðum

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

Við leitum að kraftmiklum stjórnanda sem hefur áhuga á að starfa með öldruðum og leiða fjölbreytta starfsemi öldrunardeildar á Vífilsstöðum. Hjúkrunardeildarstjóri hefur þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og fjárhagslega ábyrgð.

Á Vífilsstöðum dvelja sjúklingar með gilt færni- og heilsumat og eru að bíða eftir að komast á hjúkrunarheimili. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu stjórnenda.

Launadeild

LAUNAFULLTRÚI

Starf launafulltrúa á launadeild Landspítala er laust til umsóknar. Við sækjumst eftir öflugum liðsmanni sem hefur ríka þjónustulund, góða samskiptahæfni, sýnir frumkvæði, nákvæmni og aga í vinnubrögðum.

Deildin heyrir undir fjármálasvið og þar starfa 19 manns í nánu samstarfi við starfsmenn spítalans. Starfsmenn launadeildar tryggja eftir bestu getu að launavinnsla, afgreiðsla launa og launatengdra mála hljóti afgreiðslu í samræmi við samninga, lög, verklagsreglur og leiðbeiningar. Móttaka, úrvinnsla, skráning, úttektir og varsla launagagna eru grundvallarþættir í starfsemi deildarinnar.

Sýkla- og veirufræðideild

NÝ STAÐA DEILDARSTJÓRA

Við leitum eftir kraftmiklum leiðtoga sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni á nýsameinaðri deild sýkla- og veirufræði. Deildin er þjónustueining á spítalanum og þar er rekin fjölbreytt rannsóknastarfsemi í þágu sjúklinga Landspítala. Á einingunni starfar á sjöunda tug starfsmanna, flestir með sérhæfingu á sviði lífeindafræði og náttúrufræði.

Deildarstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu stjórnenda.

Sjúkraþjálfun Grensási

SÉRHÆFÐUR STARFSMAÐUR

Viltu vinna í dagvinnu, virka daga og eiga frí um helgar og á lögbundnum frídögum? Við leitum eftir liðsmanni í 80% starf í sjúkraþjálfun Grensási.

Deildin sinnir fjölbreyttri og sérhæfðri endurhæfingu sjúklinga m.a. með skaða í miðtaugakerfi, fjöláverka, aflimanir auk almennrar endurhæfingar. Lögð er áhersla á fagþróun, rannsóknir og kennslu heilbrigðisstétta og þverfaglegt samstarf.

Mannauðssvið

STARFSMANNAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings í heilsuteymi mannauðssviðs, sem sinnir viðfangsefnum er snúa að vinnutengdum heilsufarsmálum starfsmanna. Á mannauðssviði starfa um 20 starfsmenn í þremur teymum, mönnunarteymi, kjaraþróunarteymi og heilsuteymi. Teymin vinna náið með stjórnendum og starfsmönnum spítalans.

Við viljum ráða öflugan einstakling karl eða konu sem á auðvelt með að vinna í teymi og hefur brennandi áhuga á heilsueflingu og vill leggja fram krafta sína til að byggja Landspítala upp sem eftirsóknarverðan og góðan vinnustað. Viðkomandi fær góða starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

LANDSPÍTALI

UMHYGGJA ▪ FAGMENNSKA ▪ ÖRYGGI ▪ FRAMÞRÓUN

Ráðningarþjónusta

Sölumaður í málningarvöruverslun

Málningarvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða sölumann í verslun.

Vinnutími er frá kl. 08:00/09:00 til kl. 17:00/18:00 virka daga og frá kl. 10:00 til kl. 14:00 einn laugardag í mánuði.

Starfssvið

- Litaráðgjöf, sala og almenn vöruráðgjöf til viðskiptavina

Hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla af málningar- eða myndlistarstörfum kostur
- Rík þjónustulund og söluhæfileikar
- Reynsla og þekking sem nýtist í starfinu

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ráðningarþjónusta

Móttaka, flokkun og akstur

Efnamóttakan leitar að liðsauka við móttöku og flokkun og einnig við akstur söfnunarbíls. Leitað er eftir duglegum og hraustum einstaklingum, konum jafnt sem körlum, sem rekast vel í hópi og hafa góða þjónustulund.

Helstu verkefni

Helstu verkefni Efnamóttökunnar eru að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá fyrirtækjum og einstaklingum og ganga frá þeim til endurvinnslu eða förgunar. Starfsstöð Efnamóttökunnar er að Berghellu 1 í Hafnarfirði og hjá henni starfa að jafnaði 15 manns.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um. Fastur vinnutími er frá 7:30 til 17:10 alla virka daga og byrjunarlaun eru að lágmarki 360.000 kr. Betri kjör eru í boði ef viðkomandi hefur lyftararéttindi, meirapróf eða önnur réttindi eða reynslu sem koma til góða í starfinu. Laun munu síðan hækka samhliða aukinni færni í starfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Jón H. Steingrímsson, framkvæmdastjóri og Grétar Viðar Grétarsson, verkstjóri, í síma 559-2200.

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Sérfræðingur í innkaupum

Síminn óskar eftir að ráða metnaðarfullan sérfræðing á sviði innkaupa.

Starfssvið:

- Almenn innkaup á vörum og þjónustu
- Birgða- og vörustýring
- Innkaupagreiningar og meðhöndlun gagna
- Verðkannanir og samningagerð við birgja
- Önnur tilfallandi verkefni við innkaup og vörustjórnun

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Afburða þjónustulund
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, sérhæfing í vörustjórnun er kostur
- Reynsla af innkaupum og vörustjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi
- Góð tölvuþekking og greiningarhæfni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á SAP og AGR birgðastjórnunarkerfinu er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar næstkomandi.
Sótt er um á **siminn.is**. Fyrirspurnum skal beint til Brynhildar Halldórsdóttur á netfangið **brynhildur@siminn.is**.

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Vantar starfsmenn í afleysingar við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.
Hreint sakavottorð er skilyrði.

Upplýsingar veitir Helgi í helgi@eak.is

Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli

EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

VAKA

Vaka hf. óskar eftir starfsmanni í fullt starf

Bílstjóri

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknafrestur er til **28. janúar 2016**

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is merkt: Bílstjóri
– Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar

Sérverk ehf

Vegna aukinna verkefna vill **Sérverk** ráða í eftirfarandi stöður.

- **Vana menn á trésmíðaverkstæði**
- **Aðstoðarmenn á trésmíðaverkstæði**

Mjög góð verkefnastaða framundan!

Umsóknir sendist á **serverk@serverk.is** merkt starfsumsókn.

Trésmíðaverkstæðið Sérverks er búið fullkomnustu tækjum til innréttingasmíði og er góður starfsandi í fyrirtækinu.

Meiraprófsbílstjóri

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikinn og samviskusaman bílstjóra með meirapróf á sanddælubíl fyrirtækisins í Norðurhrauni í Garðabæ.

Starfið felst í útkeyrslu og afgreiðslu á sandi til viðskiptavina fyrirtækisins, viðgerðum og viðhaldi á múrvélum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er skipulagður, stundvís og handlaginn. Þá þarf viðkomandi einnig að vera kurteis og búa yfir ríkri þjónustulund.

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á Björn Davíð Þorsteinsson, bjornd@bmvalla.is

BM·VALLÁ

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7

Amazing Opportunities!

Join an international award winning team which, for over two decades, has been developing market-leading software solutions. Our systems are currently used by more than 62,000 stores and restaurants in over 120 countries.

Partner Operations Team Member

We are looking for a full-time team member to join our Partner Operations team. This candidate´s main goal is to manage the software licenses and SaaS sold by LS Retail and to provide sales oriented support towards both LS Retail´s sales team and LS Retail global partner network.

Scrum Master

LS Retail is looking for a Scrum Master to join our ever-growing development team. The Scrum Master´s goal is to act as a servant leader to the Scrum Team and support the team in delivering software of high value.

Software Tester

We are looking for a highly organized person to test the software designed and developed by one of our product teams. The tester is involved in the quality assurance stage of the software development and deployment process, and participate in the Agile development process as member of a cross-functional development team.

Apply by January 24th

Please send applications and résumés to
jobs@LSRetail.com
or apply online on our website
www.LSRetail.com/jobs

LS Retail



LEX LEITAR AÐ LÖGMÖNNUM

LEX lögmannsstofa hefur hug á að bæta við lögmönnum í öflugan hóp félagsins.

LEX er leiðandi lögmannsstofa á Íslandi með um 40 sérfræðinga í sinni þjónustu. Með heiðarleika, trúnað og fagmennsku að leiðarljósi sinnir LEX þörfum viðskiptamanna sinna á öllum meginsviðum lögfræðinnar.

Krafa er gerð um að umsækjendur hafi lokið embættis- eða meistaraprófi í lögum og að þeir hafi gott vald á íslenskri tungu. Reynsla á sviði banka- og fjármagnsréttar og á sviði félagaréttar er kostur.

Umsóknarfrestur er til **20. janúar 2017** og skulu umsóknir sendar á **umsokn@lex.is**

ÍSLENSKA - SÍA.IS/LÖG 83030 11/17

LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Fax 590 2606

Sími 590 2600
lex@lex.is
www.lex.is

LEX er ein stærsta lögmannsstofa landsins með um 40 lögmenn innan sinna raða og sinnir verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

RAFMAGNSIÐNFRÆÐINGUR SÖLURÁÐGJAFI

Rafmagnsiðnfræðingur / söluráðgjafi óskast
Securitas hf. leitar að söluráðgjafa til að þjónusta viðskiptavini á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf, kynningar og þarfagreiningu, ásamt tilboðs- og samningagerð. Einnig sér söluráðgjafi um að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði rafmagnsiðnfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp
- Frumkvæði

Umsóknarfrestur er til 23. janúar og skulu umsóknir fylltar út á heimasíðu fyrirtækisins, www.securitas.is

Starfið hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, starfsmannastjóri.

Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.

Í forystu frá árinu 1979
Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn sem leggja metnað sinn í að veita frábæra þjónustu. Securitas er með starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Skeifunni 8 í Reykjavík. Hjá Securitas fá starfsmenn þjálfun og njóta góðs af kraftmiklu fræðslustarfi.

Gott mötuneyti er á staðnum ásamt virku starfsmannafélagi sem heldur uppi góðum og skemmtilegum starfsanda.

Á VAKT SÍÐAN 1979

ÍSLENSKA/SIA.IS SEC 82994 01/17

Embætti lögreglustjóra á Norðurlandi vestra laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Lögreglustjórinn fer með stjórn lögregluliðs í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra í samræmi við ákvæði lögreglulaga, hann er handhafi ákæruvalds, sbr. ákvæði laga um meðferð sakamála, og ber ábyrgð á rekstri embættisins.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Aðrar hæfniskröfur eru:

- Haldgóð reynsla af stjórnun með mannaforráð
- Góð þekking og/eða reynsla af störfum innan réttarvörslukerfisins, einkum hjá lögreglu æskileg
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um:

- Menntun
- Reynslu af stjórnun
- Reynslu af lögmannsstörfum, störfum við löggæslu og saksókn
- Reynslu af stjórnsýslustörfum
- Upplýsingar um samskiptafærni og sjálfstæði
- Aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf lögreglustjóra. Með umsókn skulu fylgja staðfest afrit af prófskírteinum og upplýsingar um umsagnaraðila

Innanríkisráðherra skipar í embættið frá 1. apríl 2017 til fimm ára.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um embættið.
Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.
Nánari upplýsingar veitir Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 545 9000.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 30. janúar nk.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgata 7 • 101 Reykjavík • Sími 545 9000

Þrif

Óska eftir að ráða starfmann við sendiferðir, þrif á bílum, verkstæðinu, skrifstofum og önnur tilfallandi verkefnum

Umsóknir sendast á bilaretting@bilaretting.is

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS
Skútuvogi 12 H

Starfsmaður á lager

Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa á miðlagerinn okkar í Reykjavík. Umsækjandi þarf að vera vandvirkur í vinnubrögðum og ábyrgðarfullur í garð viðskiptavina okkar. Rétt manneskja fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08:00 til 17:00.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið
- Ábyrgð á vöruafgreiðslu til viðskiptavina og verslana.
- Samantekt á pöntunum og áfyllingum á lager
- Útkeyrsla til viðskiptavina

Hæfniskröfur
- Góð tölvukunnátta
- Vandvirk vinnubrögð
- Ábyrgðarfull/ur
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 23. janúar.
Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Viðhaldsteymi

Into the Glacier ehf leitar eftir aðila í viðhaldsteymi hjá fyrirtækinu. Um er að ræða fullt starf.
Helstu verkefni eru viðhald í ísgöngum og á tækjum fyrirtækisins.
Einnig tilfallandi verkefni við akstur á 8 hjóla trukkum.

Hæfniskröfur
- Gerð er krafa um meirapróf.
- Vinnuvélaréttindi og reynsla af akstri stórra vinnuvéla skilyrði.
- Menntun á sviði bifvélavirkjunar eða sambærilegu námi kostur.
- Reynsla úr starfi björgunarsveita / fjallamennsku kostur.
- Reynsla af akstri breyttra jeppa er kostur.
- Reynsla og/eða menntun úr ferðaþjónustu er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Geta unnið undir álagi.
- Lipur í samskiptum.

Fyrirtækið Into the Glacier ehf.
Into the Glacier er ungt og ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu með starfsstöð bæði í Reykjavík og Húsafelli. Félagið starfrækir ísgöngin á Langjökli og er með daglegar ferðir þangað allt árið um kring. Hjá fyrirtækinu starfar þéttur hópur af hæfileikaríku fólki sem tekst á við margskonar verkefni á næst stærsta jökli Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 29. Janúar 2017.

Frekari upplýsingar veitir Hulda Rós starfsmannastjóri, **hulda@intotheglacier.is.**

#intotheglacier

INTO THE GLACIER

Laust er til umsóknar starf í móttöku Blue Lagoon spa í Hreyfingu.

Hæfniskröfur:
* Rík þjónustulund og vönduð framkoma
* Góð samskipta- og samstarfshæfni
* Góð tungumálakunnátta
* Menntun sem nýtist í starfi
* Reynsla af starfi í gestamóttöku kostur
* Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
* Snyrtimennska, stundvísi og sveigjanleiki
* Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Starfssvið:
* Fagleg móttaka gesta
* Þjónusta við gesti og sala
* Úrlausn mála sem upp kunna að koma
* Önnur verkefni sem tilheyra gestamóttöku

Um er að ræða framtíðarstarf. Vinnutími er umsemjanlegur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila á thorny@bluelagoonspa.is fyrir 22. janúar.

HREYFING | BLUE LAGOON ICELAND

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-0199

Viltu ganga til liðs við **Valitor?**

Nú er að opnast nýtt tækifæri hjá Valitor, mögulega fyrir þig! Vegna mikils vaxtar og góðs gengis leitar fyrirtækið nú að tveimur starfsmönnum á Rekstrarsviði.

Sérfræðingur í þjónustustjórnun

Sérfræðingurinn yrði hluti af nýlegu teymi sem hefur það sem yfirmarkmið að stuðla að góðum árangri, afköstum og afbragðs þjónustu hjá tækniteymum Valitor, bæði gagnvart innri og ytri viðskiptavinum.

Kerfisstjóri/tæknimaður

Viðkomandi sinnir daglegum rekstri og vöktun á kerfum og búnaði Valitor ásamt þjónustu við bæði innri og ytri viðskiptavini. Leitað er eftir tæknimenntuðum einstaklingi með jákvætt hugarfar og þjónustulund í starf sem að hluta eða öllu leyti er unnið á vöktum.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.valitor.is.** Umsóknir óskast fylltar út þar.

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **22. janúar 2017**.
Frekari upplýsingar veitir **Óli Geir Stefánsson** deildarstjóri Tækniþjónustu.
Sími: **525-2000**
Tölvupóstur: **oli@valitor.is**

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

Kælivirkni ehf

Við sjáum um uppsetningu, viðhald og viðgerðir á kæli- og frystikerfum auk loftkælingu í tölvurýmum.

Hjá Kælivirkni er öflugt starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu að baki og veitir þá allra bestu þjónustu sem völ er á.

Við óskum eftir að ráða til starfa

ÞJÓNUSTUMANN Á KÆLIVERKSTÆÐI
faglærðan einstakling eða með reynslu í faginu.

Einnig tekið við umsóknum um sumarstörf.

Upplýsingar gefur Vilhjálmur í s:777-1901 eða villi@kaelivirkni.is
Fyllsta trúnaðar heitið.

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Aðstoð í mötuneyti	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	Kópavogur	201701/076
Eftirlitsmaður, véla- og tækjaeftirl.	Vinnueftirlitið	Suðurland	201701/075
Aðstoðarmenn, sumarstörf	Landgræðsla ríkisins, þróunarsvið	Hella	201701/074
Aðstoðarmenn, sumarstörf	Landgræðsla ríkisins, landverndarsvið	Hella	201701/073
Aðstoðarmaður við húsumsjón	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201701/072
Trésmiður við húsumsjón	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201701/071
Verkefnastjóri	Ríkiseignir, útboðsmál og samningar	Reykjavík	201701/070
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Húsavík	201701/069
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Akureyri	201701/068
Starfsmannahjúkrunarfræðingur	Landspítali, mannauðssvið	Reykjavík	201701/067
Sérfræðingur	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Reykjavík	201701/066
Sérfræðingur við skattrannsóknir	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Reykjavík	201701/065
Skrifstofumaður	Embætti ríkislögmanns	Reykjavík	201701/064
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, náms- og starfsráðgj.	Reykjavík	201701/063
Umsjónarmaður fasteigna	Háskóli Íslands	Reykjavík	201701/062
Geislafræðingur	Geislavarnir ríkisins	Reykjavík	201701/061
Náms- og starfsráðgjafi	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201701/060
Yfirlæknir, barna-/ungl.geðlækn.	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201701/059
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Sólvangi	Hafnarfjörður	201701/058
Forvörður við handritasvið	Stofnun Árna Magnússonar	Reykjavík	201701/057
Starfsmaður á skrifstofu	Stofnun Árna Magnússonar	Reykjavík	201701/056
Lögfræðingur	Neytendastofa	Reykjavík	201701/055
Deildarstjóri	Landspítali, sýkla- og veirufræðideild	Reykjavík	201701/054
Sjúkraliðar	Landspítali	Reykjavík	201701/053
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, Vífilsstaðir öldrunardeild	Garðabær	201701/052
Fangavörður	Fangelsismálastofnun	Akureyri	201701/051
Verkstjóri/fangavörður	Fangelsismálastofnun	Hólmsheiði	201701/050
Fagsviðsstjóri	Matvælastofnun	Reykjavík	201701/049
Verkefnastjóri tæknimála	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201701/048
Hagfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201701/047
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201701/046
Launafulltrúi	Landspítali	Reykjavík	201701/045
Námsstaða deildarlækna	Landspítali, bæklunarskurðstofa	Reykjavík	201701/043
Sérhæfður starfsmaður	Landspítali, Grensás sjúkraþjálfun	Reykjavík	201701/042
Móttökuritari	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hveragerði	201701/041
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201701/040
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201701/039
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201701/038
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201701/037
Starfsmaður við aðhlynningu	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201701/036
Yfirhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201701/035
Hjúkrunarfræðingur, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstað	201701/034
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstað	201701/033
Sjúkraliðar, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstað	201701/032
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201701/031
Rekstrarstjóri	Innanríkisráðuneyti	Reykjavík	201701/030

Reykjavíkurborg
Listasafn Reykjavíkur

Tæknifólk

Listasafn Reykjavíkur auglýsir eftir tæknikonum/tæknikörlum sem jafnframt hafa umsjón með safnhúsum í tvær 60% stöður. Unnið er á vöktum í sex daga og frí í átta daga.
Leitað er að lausnamiðuðum, jákvæðum og drífandi einstaklingum sem vilja starfa í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi þar sem bæði þarf að hafa eftirlit með húsnæði, stilla, tengja og bera húsgögn. Jafnframt því að hafa eftirlit með orku- og öryggiskerfum. Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða.

Helstu viðfangsefni:
- Umsjón með tækni á fjölbreyttum viðburðum, undirbúningur þeirra og frágangur vegna viðburða í safnhúsunum
- Almenn húsvarsla í þremur safnhúsum
- Eftirlit með orku- og öryggiskerfum
- Minniháttar viðgerðir og viðhald, innandyra sem utan
- Eftirlit með útilistaverkum

Hæfniskröfur:
Leitað er að einstaklingum með tækni- og/eða iðnmenntun sem nýtist í starfi eða með aðra menntun á starfssviði safnsins. Reynslu af störfum sem tengjast viðburðum og tæknimálum þeim tengdum þar á meðal hljóð, ljós og mynd.
Tæknileg færni og kunnátta í meðferð tækja og tóla.
Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar.
Reynsla af viðhaldi, umsjón, eftirliti og rekstri fasteigna.
Sjálfstæði, útsjónarsemi og góð þjónustulund.
Sveigjanleiki, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi. Góð ensku- og tölvukunnátta.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.
Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30.1.2017

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og upplýsingar um umsagnaraðila.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Friðbertsdóttir í síma 411-6400 eða með því að senda fyrirspurnir á anna.fridbertsdottir@reykjavik.is

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Austurkór

Grunnskólar
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Stuðningsfulltrúi í dægradvöl í Kársnesskóla
- Forfallakennari í Vatnsendaskóla

Velferðasvið
- Þroskaþjálfi í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi á hæfingarstöð

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Pípulagningamenn athugið

Aflmót byggingafélag ehf óskar að ráða pípulagningamenn til starfa. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Mikil vinna framundan. **Nánari upplýsingar veitir Atli, gsm: 775 5086, netfang: atli@aflmot.is**

ARKITEKT OG BYGGINGA-FRÆÐINGUR ÓSKAST

Vegna góðrar verkefnastöðu framundan leitar BATTERÍIÐ ARKITEKTAR eftir því að ráða arkitekt og byggingafræðing til starfa hið fyrsta.

Skimað er sérstaklega eftir fólki með reynslu – en allir koma þó til greina.

Umsóknir sendist á Batteríið Arkitekta á netfangið: -sig.h@arkitekt.is **fyrir 23.janúar.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað.

KORTA - Starfsmaður í eldhús

KORTA leitar að duglegum starfsmanni til þess að sjá um eldhús og starfsmannaaðstöðu fyrirtækisins.
Matur er aðkeyptur en það er mikill kostur ef viðkomandi hefur reynslu af matreiðslu.
Um 50 % stöðu er að ræða, vinnutími er frá kl: 10:00 til 14:00 mánudaga til fimmtudags, en frá kl 8:30 til 12:30 á föstudögum.

Helstu verkefni
Sjá um móttöku og afhendingu á aðkeyptum mat
Halda eldhúsi og starfsmannaaðstöðu snyrtilegri
Umsjón með fundaraðstöðu
Móttaka á vörum
Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur
Reynsla af matreiðslu kostur
Glaðlyndi og góð samskiptahæfni
Dugnaður og snyrtimennska
Góð þjónustulund

KORTA er færsluhirðir sem starfað hefur á fyrirtækjamarkaði frá árinu 2002. Starfsmenn fyrirtækisins eru 43 talsins og lögð er rík áhersla á gott og skemmtilegt starfsumhverfi.

Umsókn með starfsferilskrá sendist á starf@korta.is fyrir 27.janúar 2017. Um framtíðarstarf er að ræða.

KORTA

Kortaþjónustan hf I Kletthváls 1, 110 Reykjavík I korta@korta.is I www.korta.is I sími: 558 8000

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

elja finnur rétta starfsmanninn fyrir þig.

elja er starfsmanna-þjónusta sem sér um að finna starfsfólk í fjölbreytt störf um allt land, til lengri eða skemmri tíma.

elja sér fjölbreyttum atvinnugreinum fyrir sérhæfðu og ófag-lærðu vinnuafli frá ríkjum innan EES með skömmum fyrirvara.

elja er íslenskt fyrirtæki sem styður við upp-byggingu íslensks atvinnulífs og starfar samkvæmt lögum og reglugerðum.

elja sér um umsýslu launa, launatengdra gjalda og skatta samkvæmt íslenskum lögum og útvegar starfsfólki húsnæði.

elja leggur kapp á að starfa í sátt við vinnumarkaðinn, starfsgreinafélög, verkalýðsfélög og opinbera aðila.

Elja starfsmannaþjónusta HÁTÚNI 2B 105 Reykjavík 415 0140 www.elja.is ELJA@ELJA.IS

Vörustjóri á heildsölumarkaði

Hefur þú brennandi áhuga á tækni og mikla samskiptahæfileika? Þá gæti starf vörustjóra á heildsölumarkaði hjá Vodafone verið þitt tækifæri.

Starfssvið:

- Samningar og samskipti við stærstu heildsöluaðila Vodafone heima og erlendis
- Sala fjarskiptatenginga og uppgjör
- Eftirfylgni verkefna
- Innleiðing á nýrri þjónustu með vöru- og verklýsingu
- Ráðgjöf á sérlausnum fyrir sölusvið

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Nánari upplýsingar er að finna á vodafone.is/storf

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

Hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing til starfa á hagfræði- og peningastefnusviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði- og peningastefnusvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði- og peningastefnusvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamál* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Helstu verkefni:

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans.
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í Peningamál.
- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðasviðum Seðlabankans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- A.m.k. meistarapróf í hagfræði.
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku.
- Góð hæfni í að setja fram fræðileg efni á skýran hátt.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, framkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnusviðs og aðalhagfræðingur bankans, netfang: thgp@cb.is, s: 569-9600 og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, starfsmannastjóri, netfang igr@cb.is, s: 569-9600.

Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2017. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



ÚTBOÐ

Ný útboð/verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hlíðarendi, jarðvinna 4. áfangi,** útboð nr. 13841.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ
ENDURSKOÐUN

Hreinsun gatna og gönguleiða í Kópavogi 2017 – 2020 Útboð I

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í hreinsun gatna og gönguleiða í Kópavogi 2017 – 2020, útboð I.
Í verkinu felst sópun á öllum götum og gönguleiðum í Kópavogi ásamt sópun stofnanalóða. Einnig er um að ræða þvott á ákveðnum götum og stofnanalóðum.

Helstu magntölur eru:

Heildarlengd gatna 70 km
Heildarlengd gönguleiða 80 km
Stofnanalóðir 103.500 m2

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000- í þjónustuveri Kópavogs, Fannborg 2, I hæð, frá og með þriðjudeginum 17. janúar nk.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 21. febrúar 2017 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Hreinsun gatna og gönguleiða í Kópavogi 2017 – 2020 Útboð II

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í hreinsun gatna og gönguleiða í Kópavogi 2017 – 2020, útboð II.
Í verkinu felst sópun á öllum götum og gönguleiðum í Kópavogi ásamt sópun stofnanalóða. Einnig er um að ræða þvott á ákveðnum götum og stofnanalóðum.

Helstu magntölur eru:

Heildarlengd gatna 52 km
Heildarlengd gönguleiða 55 km
Stofnanalóðir 65.000 m2

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000- í þjónustuveri Kópavogs, Fannborg 2, I hæð, frá og með þriðjudeginum 17. janúar nk.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 21. febrúar 2017 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is

Þingeyjarsveit
590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Iðjuþjálfi/þroskaþjálfi

Þingeyjarskóli auglýsir eftir iðjuþjálfa/þroskaþjálfa frá 1. febrúar 2017 vegna afleysinga.

Um er að ræða starf frá 1. febrúar til 31. desember 2017.

Þingeyjarskóli er staðsettur í Þingeyjarsveit í Suður Þingeyjarsýslu og er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli.

